

Barinninn greip hendi hennar og hélt henni stundarkorn.

Litlu síðar jafnaði Adela sig svo mikið, að hún gat hlustað á, hvernig Valdimar von Heideck hafði dáið.

“Hann var nýlega kominn heim til óðalsjarðar sinnar. Þegar hann skipaði að leggja hnakkinn sinn á ‘Korsar’, seið hann hafði ekki komið á bak síðan hann deyddi drenginn hans. Ráðsmaður Heidecks hafði oft riðið Lestinum í seinni tíð, en hann var lélegur reiðmaður, sem stundum var of strangur og stundum of mildur við hestinn, svo að hesturinn var orðinn ohlýðinn og kenjöttur. Heideck, sem bæði var sorgbitinn og í illu skapi, brúkaði bæði sporana og svipuna til að fá hestinn til að hlýða. Hann ætlaði að þvinga hestinn til að stökkva yfir fyrirstöðu eða tálma, sem var á veginum, en sem hesturinn fældist. Tvisvar hopaði Lesturinn með miklum hraða, en í þriðja sinni stökk hann — og þá of stutt. Hesturinn datt og heideck varð undir honum, en stóð aldrei upp aftur.

Hann hafði hálsbrotnað. — —

Adela hrylti við þessari frégn.

Hún var nú að sönnu laus og frjáls, og gat endurgoldið hina tryggu ást vinar síns og gert hann sælan, með því að gefa honum hendi sína, en þó liðu enn tólf mánuðir þangað til klukkurnar í fallegu kirkjunni á herragarði Lebaus, gerðu vitanlegt að hjónavígsla ætti fram að fara og að brúðkaup væri í nánd.

Listavinirnir, sem svo oft höfðu dáðst að fallegu röddinni hennar Adelu, hörmuðu missir söngkonunnar listarinnar vegna, en þeir voru ekki margir, sem ófunduðu hana af hinni einu gæfu, sem er æðri og íegurri öllu hrósi og lagurgala manna, ástarinnar unaðssæla láni.

ENDIR.

Arnjótur B. Óhau